

Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2010

Bjarni Jónsson, Karl Bjarnason
og Eik Elfarsdóttir



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífriki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf


Forsíðumynd: Ós Laxár í Skefilsstaðahreppi.

Myndataka: Eik Elfarsdóttir

Rannsóknir á seiðastofnum Laxár í Skefilsstaðahreppi árið 2010

Bjarni Jónsson, Karl Bjarnason
og Eik Elfarsdóttir

Apríl 2011



Veiðimálastofnun

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Inngangur og aðferðir

Hinar árlegu seiðarannsóknir í Laxá í Skefilsstaðahreppi fóru fram dagana 16. og 24. ágúst 2010. Með þessum rannsóknum fæst yfirlit yfir styrkleika seiðaárganga árinna, útbreiðslu þeirra og vöxt. Ávallt er þess gætt að rannsóknirnar séu framkvæmdar á svipaðan hátt þannig að samanburður milli ára sé marktækur.

Alls er rafveitt á átta stöðum í Laxá og er efsti rafveiðistaðurinn við Bakdalsá, en neðsti rafveiðistaðurinn skammt ofan við Sævarland. Þá er einnig veitt á einum stað á fiskgenga hluta Grímsár. Stærð rafveiðistaðanna var 117– 252 m² og var veidd ein umferð á hverjum stað. Að þessu sinni var rafveitt á einum stað í Engjalæk, en þar voru grafin hrogn haustið 2007.

Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðisvæðisins. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarþéttleika: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$ (tölur 1 – 3).

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Meðallengd og -þyngd allra laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (tölur 4 – 6). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3 (cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxaseiðanna á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $lífþyngd \text{ á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (tafla 7).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2010 (töflur 8 – 13). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt, óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$ (töflur 8 – 10).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár: $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$ (töflur 11 – 13). Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Laxá eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, -þyngd og -ástandsstuðla allra árganga laxaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2010 (töflur 14 - 16). Ekki voru öll seiði vigtuð árin 2001, 2003 og 2005, en meðalþyngd og meðalástandsstuðull var aðeins reiknaður fyrir vigtuð seiði. Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar tekin saman fyrir sama árabíl (tafla 17).

Niðurstöður

Efsti rafveiðistaðurinn í Laxá er fyrir neðan Bakdalsá (staður 2, mynd 1). Þar var þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða mjög mikill og sá mesti í rannsókninni. Einnig veiddust nokkur tveggja ára og eitt þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Eitt árgamal bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 3).

Næstefsti rafveiðistaðurinn er nokkru ofan við ármót Laxár og Ambáttarár (staður 3, mynd 1). Þéttleiki eins og tveggja ára laxaseiða var mikill, en ekki varð vart við vorgömul seiði (tafla 1, mynd 2a).

Á rafveiðistað 4, sem er rétt fyrir ofan Engjalæk (mynd 1) veiddist talsvert af eins og tveggja ára laxaseiðum, en ekki fundust aðrir árgangar (tafla 1, mynd 2a). Eitt tveggja ára urriðaseiði veiddist einnig (tafla 3, mynd 4).

Við Illugastaði er rafveiðistaður (staður 5, mynd 1). Þéttleiki eins og tveggja ára laxaseiða var mikill og var þéttleiki tveggja ára seiða mestur á þessum rafveiðistað á hefðbundnu stöðunum í rannsókninni (tafla 1, mynd 2b). Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði. Eitt fjögurra ára bleikjuseiði veiddist á þessum rafveiðistað (tafla 2, mynd 3).

Fyrir neðan Herjólfsstaðabrúna er rafveitt (staður 6, mynd 1). Þar veiddust fjórir árgangar af laxaseiðum, vorgamlir til þriggja ára og var þéttleiki vorgömlu seiðanna mestur (tafla 1, mynd 2b).

Rafveitt var á Skíðastaðaeyrunum (staður 6a, mynd 1). Vorgömul laxaseiði voru þar í miklum þéttleika og einnig veiddist talsvert af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Einnig veiddust þrjú yngstu árgangar af urriðaseiðum og var mest af vorgömlu seiðunum (tafla 3, mynd 4).

Veitt var neðan við foss í Grímsá (stöð 7, mynd 1) og fundust þar eins-, tveggja- og þriggja ára laxaseiði að þessu sinni. Mestur þéttleiki var af tveggja ára seiðunum (tafla 1, mynd 2c). Einnig veiddist eitt vorgamalt og eitt tveggja ára bleikjuseiði í Grímsá (tafla 2, mynd 3) og eitt árgamalt urriðaseiði fannst (tafla 3, mynd 4).

Fyrir neðan Skíðastaðabrúna (staður 8, mynd 1) veiddist dálítið af vorgömlum laxaseiðum, en ekki varð vart við aðra árganga (tafla 1, mynd 2c). Þá veiddust einnig nokkur vorgömul bleikjuseiði og eitt árgamalt (tafla 2, mynd 3).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Laxá er fyrir ofan Sævarland (staður 9, mynd 1). Á þessum stað veiddust þrjú yngstu árgangar af laxaseiðum og voru eins árs seiðin í mestum þéttleika, og einnig var talsvert af tveggja ára seiðum en minnst af þeim vorgömlu (tafla

1, mynd 2c). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 3) og nokkur vorgömul og eins árs urriðaseiði fundust á þessum rafveiðistað (tafla 3, mynd 4).

Rafveitt var í Engjalæk ofan Þjóðvegjar, en þar voru grafin laxahrogn haustið 2007. Mikið kom fram af laxaseiðum og hefur vöxtur þeirra verið góður miðað við það sem almennt gerist í ánni. Holdastuðull seiðanna var einnig góður.

Heildarþéttleiki laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi er nú þriðja árið í röð mjög mikill og virðist vera að ná ákveðnum stöðugleika. Þá er einnig ánægjulegt að sjá hversu vel seiðin komast af milli ára í ánni eins og sést vel á miklum þéttleika vorgamalla seiða 2008 og sá árgangur er nú mjög sterkur sem tveggja ára seiði (tafla 8). Eins og á síðasta ári er heildarþéttleiki laxaseiðanna mestur á efsta rafveiðistaðnum (tafla 1). Eins árs og tveggja ára seiðin eru mjög vel dreifð um ána en vorgömlu seiðin fundust aðeins á fimm stöðvum en stundum koma þau ekki fram í rafveiðunum. Greinileg vöntun er þó á laxaseiðum á Skíðastaðaeýrum og á svæðinu við Skíðastaðabrúna, þó að þar hafi nú fundist vorgömul seiði.

Bleikju- og urriðaseiði veiddust á nokkrum rafveiðistöðum, en í heildina er þéttleiki þeirra svipaður og verið hefur undanfarin ár (töflur 2, 3, 9 og 10).

Laxaseiðin í Laxá í Skefilsstaðahreppi hafa dafnað vel og eru vorgömlu seiðin bæði lengri og þyngri en jafnaldrar þeirra undanfarin fimm ár. Þá hafa árgömlu seiðin náð að mestu að vinna upp smæð sína á síðasta ári og eldri seiðin eru einnig í góðu meðallagi (töflur 4, 5, 14 og 15). Ástand þeirra eða holdafar er einnig mjög gott (töflur 5 og 16).

Lífþyngd laxaseiðanna var mjög há á flestum rafveiðistöðunum (tafla 7), og í heildina talsvert meiri en áður hefur mælst í ánni (tafla 17). Þessi mikla lífþyngd byggist fyrst og fremst á miklum þéttleika eins og tveggja ára seiðanna.

Umræður

Samkvæmt seiðarannsóknunum í Laxá í Skefilsstaðahreppi er ekki unnt að reikna með að ganga laxaseiða til sjávar vorið 2010 hafi verið stór og því rétt að stilla laxveiðinni áfram í hóf sumarið 2011. Laxastofnarnir í Laxá hafa verið að styrkjast mjög verulega síðustu ár og ef fer fram sem horfir má vænta sérstaklega öflugrar seiðagöngu úr ánni vorið 2011 með góðum horfum á smálaxi í ánni sumarið 2012 og samkvæmt rannsóknunum má vænta góðrar laxagengdar a.m.k. næstu tvö ár þar á eftir ef ytri aðstæður verða hagstæðar. Þéttleiki bleikju- og urriðaseiða sveiflast lítilsháttar milli ára en ekki eru sjáanlegar marktækar breytingar á stofnstærðum þeirra.

Hrognagröftur á vatnasvæði Laxár, og þá sérstaklega í Grímsá og Engjalæk hefur tekist mjög vel flest árin sem hann hefur verið framkvæmdur og hefur verið að skipta talsverðu máli í uppbyggingarstarfinu. Haustið 2007 var ákveðið að prófa að grafa hrogn á nýjum stað, ofarlega í Engjalæk (ofan við þjóðveg), en ekki miklar væntingar bundnar við árangur í ljósi þess hvað þar er komið hátt yfir sjávarmál, vatnshiti lágur og fleira í ytri aðstæðum sem ætla mætti að væri óhagstætt fyrir uppeldi laxaseiða. Árangurinn var hinsvegar eftirtektarverður. Mikið af seiðunum hefur komist upp og þau dafnað mjög vel. Hluti þeirra mun ganga til sjávar vorið 2011 og þau sem eftir verða ári síðar.

Í ljósi niðurstaðna rannsókna sumarið 2010 og síðustu ára, ásamt greiningu á veiði í Laxá í Skefilsstaðahreppi, leggur Veiðimálastofnun til að veiði verði með svipuðum hætti og sumrin 2009 og 2010. Þó er gert ráð fyrir að auka megi veiðisóknina nokkuð milli ára.

Að sumarið 2011 verði veiði leyfð í ánni á 2 stangir í 40 daga. Einungis verði veitt á flugu og öllum laxahrygnum sleppt aftur í ána. Leyfilegt verði að halda einum laxahæng á stöng á dag en að öðru leiti verði öllum löxum sleppt aftur í ána. Ennfremur er miðað við að hámarksveiði verði 5 laxar á stöng á dag. Veiðimenn geti hinsvegar haldið öllum bleikjum og urriðum sem veiðast á tímabilinu.

Þrátt fyrir að ástand laxastofna árinna haldi áfram að batna er ástæða til að fara áfram varlega í að auka veiðisóknina á nýjan leik til að tryggja sem stöðugasta nýliðun sem víðast um vatnasvæðið og að ekki fari aftur að detta úr árkaflar. Á heildina litið virðast aðgerðir sem gripið hefur verið til við uppbyggingu laxastofna Laxár í Skefilsstaðahreppi vera að skila tilætluðum árangri.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 2	143	24,48	37,76	2,80	0,70	
Staður 3	117		18,80	11,11		
Staður 4	156		8,33	5,77		
Staður 5	144		13,19	15,97		
Staður 6	238	10,50	6,72	5,46	0,42	
Staður 6a	192	20,83	5,21	4,17		
Staður 7	192		2,08	7,81	0,52	
Staður 8	252	2,38				
Staður 9	198	2,53	14,65	6,57		
Engjalækur	98			38,78		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 2	143		0,70			
Staður 3	117					
Staður 4	156					
Staður 5	144					0,69
Staður 6	238					
Staður 6a	192					
Staður 7	192	0,52		0,52		
Staður 8	252	1,59	0,40			
Staður 9	198	0,51				

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100 m² á rafveiðistöðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.

Staður	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 2	143				
Staður 3	117				
Staður 4	156			0,64	
Staður 5	144				
Staður 6	238				
Staður 6a	192	3,13	0,52	0,52	
Staður 7	192		0,52		
Staður 8	252				
Staður 9	198	2,02	2,02		

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skeffisstaðahreppi í rafveiðum 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	4,12	0,28	35	6,40	0,46	54	10,10	0,70	4	11,90		1			
Staður 3				6,48	0,27	22	9,61	0,63	13						
Staður 4				7,08	0,40	13	10,99	0,92	9						
Staður 5				6,59	0,36	19	9,60	0,90	23						
Staður 6	4,50	0,29	25	6,92	0,39	16	9,87	0,82	13	12,60		1			
Staður 6a	4,68	0,25	40	6,76	0,39	10	9,15	0,70	8						
Staður 7				5,95	0,38	4	9,30	0,99	15	11,20		1			
Staður 8	3,95	0,22	6												
Staður 9	4,16	0,13	5	6,34	0,44	29	8,77	0,84	13						
Heild	4,40	0,37	111	6,54	0,47	167	9,59	0,99	98	11,90	0,70	3			

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skeffisstaðahreppi í rafveiðum 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	0,80	0,15	35	2,86	0,59	54	11,10	2,86	4	18,90		1			
Staður 3				3,00	0,38	22	9,55	1,76	13						
Staður 4				3,82	0,76	13	14,82	3,02	9						
Staður 5				3,09	0,51	19	9,97	3,44	23						
Staður 6	0,94	0,18	25	3,49	0,63	16	10,52	2,76	13	27,00		1			
Staður 6a	1,08	0,18	40	3,28	0,58	10	8,38	1,98	8						
Staður 7				2,30	0,43	4	9,04	2,85	15	17,00		1			
Staður 8	0,78	0,20	6												
Staður 9	0,74	0,09	5	2,64	0,59	29	7,62	2,33	13						
Heild	0,93	0,21	111	3,01	0,66	167	9,89	3,24	98	20,97	5,31	3			

Tafla 6: Meðalástandsstuðlar, staðalfrávik og fjöldi laxseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Laxá í Skeiflisstaðahreppi í rafveiðum 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 2	1,13	0,14	35	1,07	0,05	54	1,06	0,08	4	1,12		1			
Staður 3				1,10	0,11	22	1,07	0,07	13						
Staður 4				1,06	0,12	13	1,11	0,09	9						
Staður 5				1,07	0,07	19	1,09	0,06	23						
Staður 6	1,02	0,10	25	1,04	0,04	16	1,07	0,08	13	1,35		1			
Staður 6a	1,04	0,08	40	1,05	0,05	10	1,08	0,05	8						
Staður 7				1,08	0,04	4	1,09	0,03	15	1,21		1			
Staður 8	1,25	0,15	6				1,09	0,07	13						
Staður 9	1,02	0,02	5	1,02	0,06	29	1,08	0,07	98	1,23	0,12	3			
Heild	1,08	0,13	111	1,06	0,07	167	1,08	0,07	98	1,23	0,12	3			

Tafla 7: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum 2010. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 2	19,5	107,8	31,0	13,2		171,6
Staður 3		56,4	106,2			162,6
Staður 4		31,9	85,5			117,4
Staður 5		40,8	159,2			200,1
Staður 6	9,9	23,4	57,5	11,3		102,1
Staður 6a	22,4	17,1	34,9			74,4
Staður 7		4,8	70,6	8,9		84,3
Staður 8	1,9					1,9
Staður 9	1,9	38,6	50,0			90,5

Tafla 8: Heildarpéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð A.

Ár	Stærð		0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
	Fjöldi veiðistaða	veiðistaða (m ²)							
2001	8	4545		0,07	0,24	0,34	0,11		0,77
2002	9	4143	0,06	0,66		0,15	0,05		0,93
2003	10	5158	5,68	1,90	1,14	0,10		0,99	9,81
2004	9	3206	1,57	1,08	0,34		0,01		3,01
2005	9	3175	2,71	4,01	0,70	0,03			7,44
2006	9	3792	2,22	7,08	1,20	0,17			10,68
2007	9	2359	1,98	3,58	4,49	0,70			10,75
2008	9	2375	17,70	5,07	1,22	1,93	0,02		25,94
2009	9	2052	4,22	14,47	0,93	0,23			19,85
2010	9	1632	6,75	11,86	6,63	0,18			25,42

Tafla 9: Heildarpéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð A.

Ár	Stærð		0+	1+	2+	3+	4+	Heild
	Fjöldi veiðistaða	veiðistaða (m ²)						
2001	8	4545	1,09	0,33	0,02		0,03	1,46
2002	9	4143	0,75	0,73	0,24	0,02		1,75
2003	10	5158	3,50	0,75	0,29	0,12	0,04	4,69
2004	9	3206	0,07	0,06	0,03			0,16
2005	9	3175	1,53		0,03			1,56
2006	9	3792	1,04	0,41	0,26			1,71
2007	9	2359	0,42	0,22	0,16			0,80
2008	9	2375	0,70		0,23			0,92
2009	9	2052	0,18	0,18				0,37
2010	9	1632	0,29	0,12	0,06		0,08	0,55

Tafla 10: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveidum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545				0,01	0,03	0,04
2002	9	4143	0,06	0,04	0,05	0,04		0,20
2003	10	5158	0,84	0,31	0,01	0,13		1,29
2004	9	3206			0,06			0,06
2005	9	3175	0,31	0,15	0,10	0,03		0,59
2006	9	3792	0,03	0,19	0,04	0,04		0,29
2007	9	2359	0,98	0,08	0,06			1,12
2008	9	2375	1,20	0,22				1,41
2009	9	2052	0,10	0,24	0,04			0,38
2010	9	1632	0,57	0,34	0,13			1,04

Tafla 11: Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	Heild
2001	8	4545		0,09	0,29	0,33	0,09		0,79
2002	9	4143	0,07	0,60		0,14	0,05		0,87
2003	10	5158	3,63	1,18	0,66	0,08		0,64	6,18
2004	9	3206	1,12	0,87	0,31		0,03		2,34
2005	9	3175	3,21	3,50	0,57	0,03			7,31
2006	9	3792	2,19	6,80	1,03	0,16			10,18
2007	9	2359	2,29	2,97	3,60	0,59			9,45
2008	9	2375	13,56	4,59	1,22	1,77	0,04		21,18
2009	9	2052	3,90	13,69	0,97	0,29			18,86
2010	9	1632	6,80	10,23	6,00	0,18			23,22

Tafla 12: Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m ²)	0+	1+	2+	3+	4+	Heild
2001	8	4545	0,95	0,33	0,02		0,02	1,32
2002	9	4143	0,60	0,65	0,24	0,02		1,52
2003	10	5158	2,20	0,36	0,21	0,17		2,93
2004	9	3206	0,06	0,03	0,03			0,12
2005	9	3175	1,45		0,03			1,48
2006	9	3792	1,11	0,32	0,24			1,66
2007	9	2359	0,34	0,17	0,13			0,64
2008	9	2375	0,63		0,21			0,84
2009	9	2052	0,19	0,24				0,44
2010	9	1632	0,37	0,12	0,06		0,06	0,61

Tafla 13: Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Laxá í Skefilsstaðahreppi 2001-2010, reiknaður með aðferð B.

Ár	Stærð		0+	1+	2+	3+	4+	Heild
	Fjöldi veiðistaða	veiðistaða (m ²)						
2001	8	4545				0,02	0,02	0,04
2002	9	4143	0,07	0,05	0,05	0,05		0,22
2003	10	5158	0,47	0,25	0,02	0,06		0,79
2004	9	3206			0,03			0,03
2005	9	3175	0,25	0,13	0,06	0,03		0,47
2006	9	3792	0,03	0,18	0,03	0,03		0,26
2007	9	2359	0,51	0,08	0,04			0,64
2008	9	2375	0,97	0,17				1,14
2009	9	2052	0,10	0,29	0,05			0,44
2010	9	1632	0,61	0,37	0,12			1,10

Tafla 14: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skeffisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+1+ss*		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001				5,88	0,64	4	8,48	0,50	13	11,33	1,20	15	13,40	0,95	4
2002	4,57	0,12	3	6,44	0,78	25				11,30	1,23	6	14,75	0,64	2
2003	5,91	0,59	187	8,18	0,54	59	10,15	0,48	20	11,89	0,80	20	12,27*	1,02	12
2004	4,93	0,38	36	8,56	0,97	28	10,35	0,35	10				15,20		1
2005	4,22	0,43	203	7,03	0,82	113	11,86	1,50	25	13,60		1			
2006	2,96	0,40	83	6,03	0,59	258	8,82	0,94	39	10,70	1,33	6			
2007	4,29	0,25	54	6,43	0,61	70	9,12	0,96	85	11,91	1,43	14			
2008	4,07	0,34	322	6,76	0,66	109	9,44	0,63	29	11,94	1,14	42	15,8		1
2009	3,62	0,29	80	6,74	0,78	281	9,65	1,15	20	11,63	0,41	6			
2010	4,40	0,37	111	6,54	0,47	167	9,59	0,99	98	11,90	0,70	3			

Tafla 15: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða af hverjum árgangi á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skeffisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+1+ss*		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**				2,03	0,54	4	6,29	1,12	12	14,01	5,03	9			
2002	0,47	0,06	3	2,49	0,63	25				15,07	5,16	6	34,30		2
2003**	2,46	0,75	49	7,12	2,39	29	11,34	1,26	14	18,79	4,80	18	22,15*	6,38	12
2004	1,36	0,33	36	7,76	2,67	28	12,91	1,23	10				43,80		1
2005**	0,79	0,28	169	3,80	1,49	112	20,67	8,58	25	29,30		1			
2006	0,28		83	2,42	0,74	258	7,75	2,95	39	14,93	5,48	6			
2007	0,86	0,19	54	2,97	0,89	70	8,51	2,92	85	20,49	8,32	14			
2008	0,73	0,19	322	3,44	1,03	109	9,45	1,93	29	19,80	6,44	42	55,1		1
2009	0,47	0,14	80	3,36	1,19	280	10,13	3,82	20	18,50	2,14	6			
2010	0,93	0,21	111	3,01	0,66	167	9,89	3,24	98	20,97	5,31	3			

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.

*** 2006 voru fá vorgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 16: Meðalástandsstuðull, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust á hefðbundnum rafveiðistöðum í Laxá í Skeflisstaðahreppi í rafveiðum 2001 - 2010.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+/1+ss*		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001**															
2002	0,49	0,06	3	0,98	0,07	4	1,04	0,09	12	1,10	0,09	9	1,08	0,16	2
2003**	1,11	0,13	49	0,95	0,22	25	1,07	0,05	14	1,03	0,19	6	1,17*	0,11	12
2004	1,12	0,15	36	1,18	0,09	28	1,17	0,10	10	1,10	0,07	18	1,25		1
2005**	0,99	0,14	169	1,05	0,08	112	1,17	0,14	25	1,16		1			
2006***	0,96	0,20	8	1,08	0,13	258	1,09	0,11	39	1,17	0,07	6			
2007	1,08	0,11	54	1,09	0,08	70	1,08	0,07	85	1,15	0,09	14			
2008	1,06	0,12	322	1,08	0,06	109	1,11	0,06	29	1,13	0,08	42	1,40		1
2009	0,97	0,12	80	1,06	0,08	280	1,08	0,07	20	1,17	0,07	6			
2010	1,08	0,13	111	1,06	0,07	167	1,08	0,07	98	1,23	0,12	3			

** Aðeins var hluti seiðanna vigtaður árin 2001, 2003 og 2005 en meðalþyngd og ástandsstuðlar eru aðeins reiknaðir út frá vigtuðum seiðum.


*** 2006 voru fá vörgömul seiði einstaklingsvigtuð og aðeins reiknaðir út ástandsstuðlar fyrir þau.

Tafla 17: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri árin 2001-2010.




Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	1+ss	
2001		0,1	1,5	4,8			6,4
2002		1,7		2,3	1,7		5,7
2003	12,8	11,0	10,3	1,5		23,6	59,2
2004	1,3	5,6	3,3		1,1		11,3
2005	1,7	14,9	11,3	0,9			28,8
2006	0,6	17,4	9,2	2,5			29,7
2007	1,7	10,6	36,2	13,4			61,9
2008	13,0	17,2	11,7	39,1	1,3		82,4
2009	1,94	49,67	9,63	4,28			65,5
2010	6,2	35,7	66,1	3,7			111,6






Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Skefilsstaðahreppi




Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.







Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.



Mynd 2c: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá og Grímsá í Skefilsstaðahr. haustið 2010.



Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.



Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Laxá í Skefilsstaðahreppi haustið 2010.